

Fundur 11.5.2020 Sveinn Haraldsson

Komið þið sælir.

Já, komdu blessaður.

Alltaf gaman að heyra í ykkur og koma í sambandið.

Já, takk fyrir það.

Já, hér finn ég fyrir nokkrum miðilsefnum og vona ég að okkur takist að virkja sem flesta.

Já, já, við bíðum.

Starfaði ég með ykkur lengi og er hér orðinn öflugur í framlífi.

Vil ég, kom ég sérstaklega til að segja frá upplifun minni nýlega og upplifun okkar margra sem hér erum stödd.

Og segja má að ég hafi unnið við það síðan ég kom fram á þessum hnetti að efla samböndin við guðina og gyðjurnar.

En gerðist það í fyrsta skipti, sem ég kom á þennan hnött að ég sá og heyrði þrumur Þórs, lifanda lífi.

Og gerðist það í tengslum við þessa farsótt. Og var það stórkostleg upplifun og er það að vísu allt öðru vísi en jarðneskar þrumur.

Er það nokkurs konar lífmagns fyrirbæri.

Af mér er allt svipað að fréttu, eru börnin komin á unglingsaldur.

Sveinn Haraldsson.

Blessaður, já tíminn líður.

Já, ég reyni að fylgjast með ykkur reglulega og það eru ekki mörg ár síðan ég kom síðast.

Nei, nei.

En þetta hafa verið mjög eftirminnilegir tímar, nú upp á síðkastið og ég veit að.

Það er ekki ætlast til þess að við séum mikið að fjalla um þetta fyrr en frá líður.

En stórkostleg var koma Þórs, hins gamla guðs.

Það gjörbreyttist allt með hans aðkomu að málinu.

Getur þú lýst því svolítið nánar? Hvernig þá?

Það voru, við urðum vör við það að af jörðinni gömlu komu óvenju margir í mars, apríl, jafnvel fyrr og urðum uppvísir að þessari veiru, urðum vör við þessa veiru.

Og á skömmum tíma varð að beita aðgerðum.

Hér eru nokkrir, þeir eru með hnatta samband, þar sem Abrahams trúarbrögðin eru stunduð.

Það er kannski einföldun að segja að allt séu það helstefnu hnettir.

En lengi hafa þó verið átök við aðra sem aðhyllast önnur trúarbrögð.

Og hafa þeir verið með nokkra starfsmenn inn á valdastofnunum hér á þessum hnetti og víðar.

Sérstaklega eftir atvik sem gerðust útaf Fisher.

Og urðum við vör við það að biskupinn fyrrverandi Sigurbjörn Einarsson fór að taka stakkaskiptum.

Og hingað komu fleiri að þessum kristnu af öðrum hnöttum.

Og lífmagn fór að minnka um stundar sakir og fengum fregnir af því að einhver vandræði hefðu orðið annar staðar.

Og gerðist það nokkuð hratt, en á skömmum tíma breyttist það allt til batnaðar.

Og Já, það varð að gera ráðstafanir til að koma ýmsum fyrir hér af jörðinni, sem þurftu að komast hér að og í því fólust einnig vandamál.

En segja má að þessir aðkomnu hafi verið flæmdir í burtu með orku frá Þór.

Og á skömmum tíma hafi læknast, það sem var farið að bera á veikindum.

Og mun það hafa gerst á mörgum hnöttum í einu.

Og það er þessi upplifun sem situr í manni, að það starf sem hefur verið unnið hér í mörg ár.

Fær sérstaka merkingu þegar maður upplifir það sjálfur.

Ég heyrði að vísu ekki þessi þrumuhljóð, en sumir telja sig hafa heyrt þau.

En lífmagnið var sýnilegt ýmsum, í formi ljóss.

Og, ja ef maður á að útskýra þetta á rökrænan hátt og vísindalegan.

Þá held ég að hægt sé að fullyrða, að þó Kristur eigi sér marga fylgismenn.

Þá eigi Þór sér ekki síður marga fylgismenn á öðrum hnöttum.

Og að það sé nokkurs konar samstilling sem gerir það kleift að vinna slík afrek.

En þetta mun þó vera mikill misskilningur hjá fornmönnum að um sé að ræða einhvers konar vopn eða smíða áhald.

En það er svo erfitt að leiðrétta gamlan misskilning. Eins og menn nota krossa sem trúartákn.

En rétta útskýringin mun vera sú að hann sé sá á meðal guðanna sem sinnir margskonar varnar verkum.

En það má segja að allt hafi þetta gerst á einum degi, á nokkrum klukkustundum að ástandið færðist aftur í rétt horf.

Tók eitthvað lengi tíma að ná fullkomlega réttu orkumagni aftur, en það gerðist fljótt að viðsnúningur varð.

Já, biskupinn gamli er reikull í trúnni en móðir mín hefur svo að segja alveg orðið Nýalssinni.

Já, það er gott að heyra.

Skil ég það rétt Sveinn að þessi coróna veira hafi verið einhvers konar árásarvopn gegn okkur?

Við þorum ekki að fullyrða um þetta með vissu, það er, ég hygg að það sé rétt skilið, að sumir hafi haldið því fram að þetta geti haft jákvæðar afleiðingar í því að minnka mengun.

Og að mannkynið nái sér aftur og verði betra á eftir.

Já.

Við skulum vona að svo verði. En það er ákveðin leyndarhyggja, sem margir eru ósáttir við á þessum hnetti og getum við tjáð okkur betur þegar þau mál verða til lyktar leidd.

En það má þó fullyrða að þeir kristnu samstarfsaðilar sem hér eru.

Þeim verður ekki treyst eins vel, þar sem eitthvað tengist þetta þeirra foringja, Jahve.

Ja, hann hefur gert ýmislegt.

Já, en það er hugsanlegt að mannkynið nái sér til fulls og við skulum vona það. En. Það þarf að fylgjast vel með þessu áfram, þetta er ekki búið sko.

Nei.

Það má segja, að þetta tekur lengri tíma á frumlífsjörðunum.

þar sem þetta getur stökkbreytt sér meira.

Þar er ekki samstilling til þess að efla mótstöðuafli líkamana til að ráða betur við þetta.

En, já, það held ég að sé alveg hægt að fullyrða, að það eru helstefnu öfl sem koma slíku af stað, lang oftast.

Var ekki svo með Svartadauða á sínum tíma líka?

Jú, það mun nú vera ennþá frekar, að þar hafi verið meiri helstefnu öfl að verki, enda almenn þekking á lægra stigi og erfiðara við að eiga fyrir lífstefnu öflin.

En mér var bent á að koma þeim skilaboðum á framfæri við ykkur, að í sumum kvikmyndum ykkar menningar er verið að hæðast að Þór og hinum fornu guðum.

Og er talið að það geti haft slæm áhrif á stilliaflið. Ekki svo að skylja að þeir móðgisti yfir því, heldur getur það espað önnur öfl sem telja sig þá, þið hafið ekki vörn frá þeim, sem slíka.

Það er eitt af því sem er mikilvægt að koma þeim áhrifum til kvikmyndaframleiðenda að vera með uppbyggilegar skoðanir í þessu og reyna að magna þau öfl sem eru mannkyninu til hjálpar, en ekki verri öfl.

En ég er með skilaboð til ykkar, hún konan þín var að reyna að segja það að, Þorlákur, að faðir þinn.

Já.

Hann vinnur með, þeir eru með fyrirtæki sem.

Þeir hafa verið með erindi um muninn á tækni sem byggist á, faðir þinn, hann hefur töluverðan áhuga á þessu.

Hvernig þetta er á þessum hnetti, tækni, næ ekki nafninu, Páll, Sverrir, kannastu við það?

Páll, Sverrir.

Já.

Ekki svona fljótt á litið, en ég vissi að hann hafði alltaf áhuga á að vera í verkfræði.

Já.

Hann hafði getað hugsað sér að fara í það á sínum tíma.

Já, það er,

Eru þeir bræður eitthvað að vinna saman?

Hann og?

Hann og bræður hans.

Já, það eru einhver samskipti já,.

Og hún, hefur hitt hér fósturföður sinn og, konan þín,

Já.

Og sagði að það,

Já hann Bubba, Björn Einarsson.

Já, og hún ber sig vel og er ekki sonur þinn þarna?

Jú, jú.

Hún biður að heilsa honum.

Já.

Og segist vilja komast í sambandið fljótlega.

Já, vó bíðum eftir því að hún geti komið, við erum búnir að herja út einn fund enn út úr Ingólfi.

Hún segir að það hafi verið erfitt að flytjast, skilja við ykkur, en það sé margt nýtt.

Þannig að hún hefur verið dálítið lengi að jafna sig á því að hafa flutt svona snögg?

Ja, að einhverju leiti en ja það sé nú allt komið núna sko.

En er hún ekki komin inn á Nýalssinna brautina?

Jú, og segir, loksins hafa séð það með eigin augum.

Að ég var ekki að fara með fleypur.

Já,

Einmitt.

Og hún er í samskiptum við vin þinn sem þau hafa lengi verið sammála, hann heitir, Karnabæ þarna,

Já hann Gulla.

Já.

Já, er hún búin að hitta hann.

Já, hann er,

Já, já.

Og það eru ömmur sínar og afar og einhverjir ættingjar.

Já, Já. Og svo eru náttúrulega svo margir vinir hennar komnir sem hún var að vinna með á Grund, sem voru farnir á undan henni.

Já. Býst við að það sé. Hún sagði að þyrfti að halda áfram, það þýddi ekkert að binda sig við fortíðina.

Einmitt.

Úr því sem komið væri.

Já.

En sagðist ætla að fylgjast með ykkur og reyna að komast í sambandið eins fljótt og hægt væri.

Takk fyrir það. Við biðjum innilega að heilsa öllu þessu fólki þarna sem hún er í tengslum við.

Já. Hún sagði að það væri, það er eitthvað fólk ykkar sem hún hefur dvalið hjá sveitiinni þarna utan af landi.

Já, já.

Næ ekki alveg að nefna það.

Já það er bæði úr Sauðanesi og Torfalæk.

Já,

Ert þú ekki að meina það?

Jú, það er,

Það er sko móður.

Já,

Móðursystur mínar bjuggu þar.

Já, hún útskýrir það allt saman betur,

Já, já.

En, Já já.

En er móðir hennar ekki á þessum hnetti lengur? Hún Kristín Haralds, þú mannst nú eftir henni.

Jú, ég býst nú við því,

Ég, Já, en ég held að þau búi hjá foreldrum hennar, eða eitthvað svoliðis, að það sé eitthvað býli.

Já, já.

En þetta er allavegana, láta vel af sér.

Já.

Og þau hérna, og henni finnst erfiðast að fara frá fjölskyldunni,

Já, Já.

Að það hafi, hún ekki fundist sinn tími kominn.

Já, hún talaði alltaf um 10 ár, að hún ætti eftir 10 ár.

Já.

En þau voru fljót að líða.

Já.

En við vorum nú búin að gera ýmislegt skemmtilegt, eins og fara til Florída síðasta haust.

Já, já, hún segir það svona glettin að hún ætli að, að hún muni reyna að, fylgjast með ykkur og tala til þín, ykkar þegar hægt sé.

Já, ég hef nú stundum orðið var við hana við hliðina á mér sko.

Já, já, það, en já ég, við reynum að magna hana til að koma fram.

Já, takk fyrir það, við skilum kveðju frá henni til allra barnabarnanna.

Já það er einmitt það sem hún minntist á,

Og vinkvenna hennar.

Já,já,

Ert þú ekki alveg á fleygi ferð í allri þessari orku þarna?(Eiríkur).

Já, ég hef ennþá haft þann sið, að ganga og er nú farinn að svífa get ég sagt þér.

Ekki bara á fundunum, heldur utan þeirra og ég hef nú orðið var við það að þið eruð með smitvarnar reglur.

Og það er svoldið skylt því sem ég ætlaði að segja við ykkur. Að fyrst þegar ég hingað kom.

Þá gat ég aðeins svifið þegar ég var á leið til sambandsstövanna, og héldumst í hendur í hóp.

En núna undanfarið ár, hef ég örlítið lyftst frá jörðunni og svifið, að vísu ekki nema á leið til sambandsstöðvanna.

En þá án þess að haldast í hendur og er það þjálfunar atriði með orkuna og já,

Læra að nota orkuna.

Hann er kominn í þessu, gömlu miðlarinir, hann Sigurður og fleiri, Helgi Guðlaugsson

Já, Já, geta þeir svifið?

Já, og Helgi Pjeturss var ósáttur við að ná ekki í gegn fyrir stuttu, hann vildi fá fund.

Já, á afmælisdeginum.

Já.

Já, það hefði nú verið gaman.

En hann ætlar að reyna síðar, já.

Má ég aðeins spurja?

Já, ég fer nú að kveðja. Já ætli það verði ekki bara ein spurning, það er svo liðið á tímann,

Já hérna getur þú ráðlagt okkur, hvernig við hérna, aukum þessa miðlaþjálfun hjá þeim sem eru hugsanlega næmir?

Já það er mikilvægt að, ég vil ráðleggja ykkur að vera að þessu í nokkra daga í röð, með, fá jafnvel utan að komandi miðla sem ekki eru Nýalssinnar.

En fá þá til að opna viðkomandi aðila, en þeir geta svo horfið til sinna starfa um leið og fyrsta sambandið er komið í gegn.

Það er okkar reynsla að erfiðast er að fá fyrsta sambandið.

Þið verðið að vera þolinmóðir og þetta er eins og með vogarafl, þegar verið er að ýta bílum af stað.

Það þarf sterka menn og marga sem losa um hömlurnar og um leið og fyrsta sambandið kemst í gegn er hægt að búast við framhaldi.

Hverjir ættu helst að prófa þetta?

Það er einhver ykkar bræðranna hér sem ég skynja, er það ekki rétt hjá mér?

Já það er einn, svona sá yngsti sem maður hefur svona dálitla trú á.

Og einhver sem er hér fjarstaddur núna.

Þorsteinn Sveinsson?

Já.

En hann er nú ekki hérna núna, hann hefur stundum verið hérna áður, hvað heitir hann sem bjó hér?

Já, það er hann sem við erum að tala um Þorsteinn Víkingur.

Já, og það er einhver.

Já, við vorum svona að láta okkur detta í hug að hann væri svona feiminn við að láta opnast.

Væri hræddur við það.

Það gæti verið, þegar hann er kominn nálægt því.

Og þá sé hann að reyna að halda aftur af hæfileikanum. En það getur líka verið gott ef hann vill bara miðla einhverjum nánnum ættingja fyrst og bara eitt samband í einu eða eitthvað slíkt.

Það er mjög mismunandi hvað hentar hverjum. Hvað liggur best fyrir að komast fyrst í gegn og kannski ekki hægt að,

Sumir verða mjög þreyttir strax á eftir. Þannig að við getum ekki verið vissir um, það getur verið allur gangur á því, og sumir magnast að vísu mikið.

Já.

En það er mikilvægt, ég mæli nú ekki að það sé marga klukkutíma í einu. Það er nóg að það sé stutt í einu en þó ekki margir dagar á milli.

Það myndast ákveðin mögnun og ekki gott, hún getur dottið niður ef langt líður á milli ef miðlar eru ekki þjálfaðir.

Já, já.

En er það öruggt að það sé bróðirinn sem við höldum að sé örugglega réttur?

Mér finnst einhver hér vera inni staddur já. Og svo eru,

Þeir eru þrír bræðurnir hérna.

Svo eru fleiri með ýmsa hæfileika sem. Já mér finnst nú að það sé nú ekki alveg á næstunni, en það gæti samt orðið.

Sveinn mér finnst ég stundum vera svona milliliður þegra reynt er að lækna einhvern.

Að þú sért?

Einhverskonar milliliður, leitað í gegnum mig, til þess að betra sé að ná til þess sem verið er að lækna.

Já, þú stillir ágætlega, hefur þú séð okkur sem erum hér?

Nei, ég hef svona, skynjað þetta frekar en frekar svona fundist ég vera svona einhverskonar milliliður á milli ykkar og þess sem verið er að lækna, að í gegnum mig komist þið betur að þeim sem þið eruð að lækna.

Já, ágæt orkan og stillir vel, en já það er mislangt í það að búa til fleiri miðla, en við þurfum að kveðja núna.

Já.

Ægi, ég er nú ekki að tala um að ég hafi svona miðilshæfileika en mér minnst ég vera svona milliliður einhverskonar, að í gegnum mig ná þið betur að hjálpa þeim sem þið eruð að lækna.

Já. Ekki spurning, mikilvægt að hafa þig í hópnum og við erum þakklát fyrir þá þátttöku.

Og Haukur biður sérstaklega að heilsa, hann ætlaði að láta líka í sér heyra hér, reynir að koma fljótlega.

En ég verð nú að kveðja.

Já, við biðjum að heilsa honum.

Bless, blessaður.